

# Íslenskur iðnaður

SI 11. tbl. 13. árg.

Fréttablað Samtaka iðnaðarins

Nóvember 2007

## „Nýsköpun nýtist ríkinu í innkaupum“

sagði Árni Mathiesen, fjármálaráðherra,



Fjármálaráðuneytið, iðnaðarráðuneytið, Ríkiskaup, Samtök iðnaðarins og Samtök atvinnulífsins stóðu nýlega að ráðstefnu um opinber innkaup, nýsköpun og þróun á Hilton hóteli Nordica.

„Nýsköpun nýtist ríkinu í innkaupum og getur uppfyllt þarfir þess betur og hugkvæmar en hefðbundnar innkaupaáferðir,“ sagði Árni Mathiesen, fjármálaráðherra, sem steig fyrstur í pontu á ráðstefnunni. Hann sagði að samskipti ríkis og einkamarkaðar snerust í raun um hvernig nýta mætti innkaup og innkaupamátt ríkisins til að efla og styrkja nýsköpun, rannsóknir og þróun atvinnulífinu til framdráttar. Ef vel tekst til ætti útkoman að geta leitt til nýrra lausna sem í senn gætu bætt opinbera þjónustu og styrkt samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs. Árni rakti í stuttu máli tildrög þess að

iðnaðarráðherra, forstjóri ríkiskaupa og framkvæmdastjórar SI og SA skrifuðu undir samkomulag um stofnun samstarfsvettvangs um opinber innkaup árið 2006 með það að markmiði að móta sameiginlega stefnu stjórnvalda og atvinnulífs um aðferðir við opinber innkaup sem styðja við rannsóknir, þróun og nýsköpun á Íslandi.

Vorið 2006 var gefið út stefnuskjal um hvernig beita mætti opinberum innkaupum til framdráttar nýsköpun, þróun og rannsóknum og gera um leið tillögu um leiðir til að örva innlend fyrirtæki til dáða án þess að fara á skjön við alþjóðlegar skuldbindingar um jafnan aðgang og jafnræði við innkaup og útboð á EES svæðinu. Þar var að hluta stuðst við nýútkomna handbók Evrópusambandsins um hvernig mætti standa að slíku. Í

framhaldi af þeirri vinnu var ákveðið að stofna formlegan samstarfsvettvang til að fjalla um nýsköpun, rannsóknir og þróun í tengslum við opinber innkaup.

Árni sagði að undanfarið ár hefði samstarfsvettvangurinn m.a. getið af sér hugmyndir að nýjum verkefnum sem líkur séu á að ríkið komi að á næstu árum í samstarfi við fyrirtæki. „Með þessum hætti er einnig skapaður samstarfsvettvangur um það hvernig ríkið getur, á fyrstu stigum, kynnt hugmyndir sínar um fyrirhuguð kaup á einstökum framkvæmdum eða þjónustu sem nauðsynlegt er að einkamarkaðurinn leysi af hendi.“ Í lögum um opinber innkaup sem Alþingi samþykkti í vor væri sérstaklega hugað að þessum þætti. Tilgangur þeirra væri að tryggja jafnræði fyrirtækja við

Framhald á bls. 6 og 7

bls. 2



**Peningastefnan  
komin í þrot**

bls. 4



**Í brúnni í  
meira en hálfa  
öld**

bls. 9



**Er ráðning  
gæðastjóra rétta  
lausnin?**

bls. 10




**Uppskriftn  
að farsælli  
nýsköpun**

bls. 11



**Virðjun  
ehf. lýkur  
mikilvægum  
áfanga**



# Peningastefnan komin í þrot

**Helgi Magnússon**

formaður SI



**Í byrjun þessa mánaðar hækkaði Seðlabankinn vexti verulega og hótaði um leið frekari vaxtahækkunum. Hækkunin var óvænt og gengi krónunnar styrktist enn frekar í kjölfarið eins og við var að búast.**

Skilaboð Seðlabankans voru skýr: Verðbólga skal kveðin niður hvað sem það kostar. Fyrstu viðbrögð voru öll á eina lund. Menn lýstu undrun og efasemdum, þar á meðal báðir formenn stjórnarflokkanna. Forsætisráðherra hefur hins vegar mildast í sinni afstöðu og sagt að þjóðin eigi að bregðast við þessum háu vöxtum með því að fresta framkvæmdum og fjárfestingum. Á sama tíma boðar fjármálaráðherra auknar framkvæmdir í fjölmiðlum. Stöðugleiki er forsenda farsæls efnahagsumhverfis. Um það er ekki deilt. Það er hins vegar með öllu ósættanlegt að iðnaðurinn og aðrar útflutnings- og samkeppnisgreinar beri ár eftir ár hitann og þungann af gallaðri peningastefnu.

## Efnahagslegt öngstræti

Davíð Oddsson, seðlabankastjóri, sagði á kynningarfundum í tilefni af síðustu vaxtahækkun: „Stundum eru mönnum gefin sterk lyf til þess að berjast við sjúkdóma. Af þeim lyfjum eru aukaverkanir. Menn horfa ekki á aukaverkanirnar og lyfin sér. Menn horfa á sjúkdóminn. Vegna sjúkdómsins eru lyfin gefin.“ Með öðrum orðum, bankinn horfir ekki á afleiðingar þeirrar meðferðar sem hann beitir í baráttu sinni við verðbólgu. Afleit samkeppnisstaða útflutnings- og samkeppnisgreina og yfirvofandi erfiðleikar á fasteignamarkaði og í byggingariðnaði eru því ásættanlegar aukaverkanir að mati bankans. Að mati Samtaka iðnaðarins hefur þessi stefna verið knúin áfram af meiri hörku og lengur en skynsamlegt getur talist og er að leiða þjóðina í efnahagslegt öngstræti hávaxta.

## Flótti eða útrás?

Það getur vissulega verið réttlætanlegt að ráðast í sársaukafulla meðferð til skamms tíma ef hún tryggir heilbrigði síðar. Gallinn er bara sá að núverandi peningastefna hefur verið beitt af hörku í mörg ár án árangurs. Útflutnings- og samkeppnisgreinarnar eru að sligast eða á flóttu undan háum vöxtum, óeðlilega sterkri krónu og óstöðugu gengi.

Það er mikil blekking ef menn fagna því að öll uppbygging stærstu og öflugustu fyrirtækja okkar á sér stað erlendis. Það er skiljanlegur flótti við þessar aðstæður.

## Nauðhemplað í byggingariðnaði?

Miklar hækkanir á fasteignamarkaði hafa haft veruleg áhrif á þær mælingar á verðlagsþróun sem Seðlabankinn miðar við. Stóran hluta hækkana á fasteignaverði má rekja til hækkandi lóðaverðs, kerfisbreytinga á fasteignalánamarkaði og fólksfjölgunar. Allt er þetta utan áhrifasviðs Seðlabankans. Nú mælist verðbólga 5,2% en án húsnæðis er hún 1,9%.

Seðlabanki Evrópu styðst við samræmda vísitölu Evrópusambandsins sem tekur ekki tillit til verðbreytinga á eigin íbúðarhúsnæði. Þannig viðmiðun á einnig við hjá okkur. Það getur ekki verið leið út úr vandanum að knýja fram hrun á fasteignaverði og kreppu á fasteignamarkaði sem hefði ófyrirsjáanlegar afleiðingar í för með sér.

## Óþolandi aðstæður

Markmið Seðlabankans er að halda verðbólgu innan við 2,5%. Það var sett árið 2001 en verðbólga hefur að meðaltali verið 4,7% frá þeim tíma, eða tæplega tvöfalt hærra en markiðið. Tveir verðbólgukúfar hafa farið yfir 8%, báðir vegna gengisfalls krónunnar. Falli gengið næst verðbólgu-markmiðið ekki, jafnvel þó að takist að hægja á byggingamarkaðinum. Aðilum vinnuamarkaðarins er gert nær ókleift að ná saman um skynsamlega kjarasamninga við þessar aðstæður. Fyrirtæki eru ekki öfundsverð af því að rata á skynsamlegar ákvarðanir um eigin framtíðaráform og fjárfestingar.

## Skoða verður aðrar leiðir

Það er tímabært að horfast í augu við staðreyndir. Núverandi peningastefna skilar okkur ekki þeim árangri sem að var stefnt. Nú þarf að setja nýjan kúrs. Fáir, ef frá eru taldir forvígismenn Seðlabankans, virðast trúa því að markmið peningastefnunnar náist. Trúverðugleiki peningamálastefnunnar hefur beðið skipbrot. Efnahagslífið er í gíslingu hárra vaxta og of sterkar krónu. Það er óhjákvæmilegt að kalla eftir nýrri stefnu og nýjum vinnubrögðum til þess að leiða okkur út úr þessum ógöngum.



## Nýir starfsmenn SI



**Rakel Pálsdóttir** hefur hafið störf sem forstöðumaður almannatengsla hjá Samtökum iðnaðarins. Rakel er með BA próf í þjóðfræði og MA próf í mannaútsjórnun frá Háskóla Íslands. Rakel starfaði sem kynningarstjóri Eddu útgáfu frá árinu 2004 en var áður sjálfstætt starfandi fræðimaður innan vébanda Reykjavíkur Akademiunnar. Rakel tekur við af Brynjari Ragnarssyni, fyrrum markaðsstjóra, sem hefur látið af störfum hjá SI.

Rakel er gift Óskari Sigurðssyni, landfræðingi hjá VGK-Hönnun og eiga þau þrjú börn.



**Árni Björn Björnsson** hóf störf hjá Samtökum iðnaðarins 1. september sl. en hann verður tengiliður við fyrirtæki og félög í byggingariðnaði innan SI og vinnur að hagsmunamálum greinarinnar. Hann tók við starfi Eyjólfss Bjarnasonar sem ræðst til Íslenskra aðalverktaka sem gæðastjóri. Árni Björn er byggingaverkfræðingur að mennt frá tækniháskólanum í Lundi í Svíþjóð og hefur síðastliðin sjö ár starfað sem framkvæmdastjóri Stéttarfélags verkfræðinga en þar áður hjá byggingarfulltrúanum í Reykjavík. Árni Björn þekkir því vel til í mannvirkjageiranum.

Árni Björn er kvæntur Halldóru K. Bragadóttur, arkitekt og framkvæmdastjóra Kanon arkitekta ehf., og eiga þau tvö börn.

## Jarðgerðarstöð opnuð í Skagafirði



Ómar Kjartansson, ÓK gámaþjónustu og Ágúst Andrésson, Kjötöfurðastöð KS við tromluna

Ný jarðgerðarstöð hefur verið tekin í notkun í Skagafirði í eigu Jarðgerðar ehf. Með opnun stöðvarinnar verða miklar breytingar á úrgangsmálum í Skagafirði. Flokkun úrgangs eykst til muna og mjög verður dregið úr urðun. Mikið fellur til af úrgangi frá fyrirtækjum á svæðinu, einkum sláturhúsi, fiskvinnslu og steinullarframleiðslu en stór hluti úrgangs frá þeim verður endurnýttur í nýju stöðinni. Ljóst er að afskurður frá sláturhúsum og fiskvinnslu er vel nýttur í Skagafirði. Fóðurstöðin nýtir það sem hægt er í minkafóður og afgangurinn er jarðgerður. Fyrirtækið Flokka hf. vinnur að gerð flokkunarstöðvar sem mun styðja við enn frekari flokkun og endurvinnslu úrgangs á svæðinu. Jarðgerð ehf. er í eigu Sveitarfélagsins Skagafjarðar, Kaupfélags Skagafirðinga, Steinullarverksmiðjunnar, FISK Seafood og ÓK gámaþjónustu. Hið góða samstarf sveitarfélags og fyrirtækja á svæðinu hefur vakið athygli og þær lausnir í úrgangsmálum, sem valdar hafa verið á svæðinu, þykja athyglisverðar. Nú liggur fyrir að samskonar leiðir í úrgangsmálum verði farnar víðar á landinu, t.d. í Eyjafirði, þar sem fyrirhugað er að reisa samskonar jarðgerðarstöð.

Stöðin er sú fyrsta sinnar tegundar hér á landi en jarðgerðin fer fram í lokuðum tromlum við vel stýrðar aðstæður. Allur frágangur er til fyrirmyndar, lykt og uppöfnun úrgangs í nágrenni stöðvarinnar verða í lágmarki enda fer vinnslan að

mestu fram innanhúss. Afurð jarðgerðar er molta sem er notuð í áburð og jarðvegsbæti. Nokkrar takmarkanir eru á notkun moltu sem framleidd er úr sláturúrgangi og eru þær skilgreindar í reglugerð um meðferð og nýtingu á slátur- og dýraleifum sem birt var í september. Jarðgerðarstöðin var tekin formlega í notkun 8. nóvember sl. að viðstöddu fjölmenni, m.a. gestum á Haustráðstefnu FENÚR um úrgangsmál á Norðurlandi.

Bryndís Skúladóttir

## Nýir félagsmenn SI

**Flugstöðir ohf.**  
**Reykjavíkflugvelli**  
**101 Reykjavík**  
**Upplýsingatækniiðnaður**

**LS Retail ehf.**  
**Ármúla 7**  
**108 Reykjavík**  
**Upplýsingatækniiðnaður**



Gott til endurvinnslu

### Nýtt endurvinnslumerki prentmiðla á Íslandi

Hvetjum fyrirtæki og stofnanir til að merkja prentað efni s.s. blöð, tímarit, fréttabréf, bæklinga og markpóst með nýja merkinu. Notkun þess er frjálss og það fæst án endurgjalds í hágæða upplausn á [www.si.is](http://www.si.is)

Samtök iðnaðarins



Ásgeir J. Guðmundsson, sonur hans Guðmundur og Valgerður Sverrisdóttir þáverandi iðnaðarráðherra við opnun fyrirtækisins í Bæjarlindinni

# Í brúnni í meira en hálfra öld

**Ásgeir J. Guðmundsson hefur staðið vaktina í fyrirtæki sínu í rúm fimmtíu ár eða allt frá því að hann lauk sveinsprófi í húsgagnasmíði hjá Stefáni og Jónasi í Hafnarfirði árið 1955 og stofnaði fyrirtæki sitt ári síðar, þá tvítugur að aldri.**

Ásgeir hóf nám í húsgagnasmíði aðeins 15 ára að aldri, þótt lágmarksaldurinn hafi verið 16 ár, og segist hafa verið góður smiður. Ásgeir festi ráð sitt sama ár og hann lauk náminu en konu sína og hægri hönd, Maríu Sigmundsdóttur, missti hann fyrir ári. „Hún vann mjög þýðingarmikil störf og hélt utan um fjármálin,“ segir Ásgeir. Þau eignuðust eina dóttur, Þóru og þrjá syni. Sigmundur og Guðmundur starfa í fyrirtækinu en Ásgeir er tónlistarmaður. Ásgeir eldri er formaður stjórnar Á.G. húsgagna en Guðmundur gegnir starfi framkvæmdastjóra. Fyrr á þessu ári var Ásgeir sæmdur íslensku fálkaorðunni

fyrir mikilvægt framlag sitt til íslensks húsgagnaiðnaðar. Síðast en ekki síst er Ásgeir heiðursfélagi í Félagi húsgagna- og innréttingaframleiðenda.

## Gott fyrirtæki á traustum grunni

Starfsemin er nú öll rekin undir einu þaki að Bæjarlind 8 -10 í glæsilegum húskynnum og þar eru framleidd vönduð húsgögn af ýmsu tagi, s.s. stólar, borð og skápar en helstu viðskiptavinirnir eru fyrirtæki og sveitarfélög. Framleiðsluvörurnar er að finna í grunnskólum, leikskólum, bókasöfnum og skrifstofum og fleiri stofnunum vítt og breitt um landið. Sýnishorn af húsgögnunum getur að líta í glæsilegri og rúmgóðri verslun sem er til húsa á sama stað. Þegar gengið er um húsið, hvort sem er í versluninni eða verksmiðjusalnum sem er ríkulega búinn sjálfvirkum vélum, er ljóst að það er snyrtimennska höfð í hávegum. Ásgeir segist alla tíð hafa lagt mikla áherslu að halda verkstæðinu sem snyrti-legustu og öll húsakynni bera þess vott að það hafi tekist.

## Fyrirtækið stækkar jafnt og þétt

Það var þó ekki alltaf jafnrúmt um framleiðslu Á.G. húsgagna og nú er því að fyrsta húsnæðið var ekki nema 40 fermetra útihús sem Ásgeir fékk leyfi til að byggja á lóð tengdamóður sinnar við hús hennar að Eiríksgötu í Reykjavík. Þar var fyrirtækið til ársins 1962 þegar hann flutti framleiðsluna í nýtt 220 fermetra hús sem hann byggði að Auðbrekku 10 en það var síðar stækkað í 1100 fermetra á þremur hæðum. Fimmtán árum síðar var það húsnæði orðið of lítið og fyrirtækið fluttist þá í 1450 m húsnæði að Skemmuvegi 4 en það var einnig stækkað í 1800 m árið 1993. „Fyrir 10 árum vorum við um það bil að sprengja utan af okkur húsnæðið við Skemmuveginn og þá þýðst mér lóð við Bæjarlindina og ég ákvað að taka hana. Við vorum fyrsta fyrirtækið sem byggði í nýja hverfinu og buðum allt verkefnið út. Það gekk vel að byggja og við keyptum ný tæki og vélar og í vor verða liðin 9 ár frá því að við fluttum inn.“



### Hafta- og fjármálastefnan erfiðust

Þegar Ásgeir er spurður hver sé munurinn á að reka fyrirtæki nú og fyrir hálfri öld stendur ekki á svari.

„Það var haftastefnan sem rekin var á þessum árum, takmarkaður aðgangur að fjármagni og samkeppnin við innflutning ekki síst fyrstu árin eftir inngönguna í EFTA þrátt fyrir nokkurn aðlögunartíma. Hann segist stundum hafa sagt við sjálfan sig að það væri best að hætta þessu basli en hann hafi alltaf haft góða ráðgjafa sem hafi verið honum mikill stuðningur. Verst þykir Ásgeiri þó að hafa þurft að fara margsinnis bónleiður til búðar á fund bankastjóra eða stjórnenda Iðnþróunarsjóðs þegar hann þurfti að halda í horfinu eða færa út kvíarnar. Oft hafi hann verið dreginn á svari og miklum tíma verið sóað í þær ferðir. Þar á ofan hafi sumir keppinautar hans fengið skuldir sínar, t.d. hjá Iðnþróunarsjóði, felldar niður og lætur að því liggja að þar hafi pólitík stundum komið við sögu. Engu að síður hafi keppinautarnir farið á hausinn en sjálfur hafi hann endurgreitt hverja einustu krónu sem hann fékk að láni. Þrátt fyrir þetta hefur Ásgeir haldið tryggð við sama bankaútibúið að Lækjargötu 6 frá því að hann hóf atvinnurekstur sinn og er enn með sama reikningsnúmerið. „Nú rekum við stærsta og stöndugasta húsgagnafyrirtækið og eiginfjárstaðan nemur 60 til 70 prósentum.“

### Frelsi og greiður aðgangur að fjármagni mesta breytingin

Spurður hvort hann hefði staðið öðru vísi að hlutunum ef hann væri ungur maður að hefja rekstur. „Í ljósi reynslunnar hefði ég gert ýmislegt öðru vísi en ég sé ekki eftir neinu.“ Mestu breytingar í fyrirtækjarekstri, sem orðið hafa á hálfri öld, er frelsið og aðgangur að fjármagni. Þegar ég byrjaði þurfti maður að vera með reikning í öllum bönkum til að geta selt víxla. Það fékkst ekkert efni nema gegn leyfi og verkfæri fengust ekki heldur keypt nema út á leyfi. Þegar austantjaldsviðskiptin opnuðust fengust verkfærin ekki heldur keypt því að gjaldeyrinn vantaði. Honum hafði öllum verið eytt í að kaupa skip og báta eftir stríðið.“

### Mikil áhersla lögð á vandaða vöru

Ásgeir segist frá upphafi hafa lagt mikla áherslu á að framleiða góð og vönduð húsgögn og unnið hafi verið eftir eigin gæðakerfi fyrirtækisins og fylgst daglega með gangi mála. Frá fyrstu tíð hefur fyrirtækið haft samstarf við innlenda húsgagnahönnuði og Ásgeir

lýkur miklu lofsorði bæði á þá og starfsmenn sína. Meðal þeirra hönnuða, sem hafa teiknað húsgögn, fyrir Á.G. húsgögn eru Jón Ólafsson, Pétur Lúthersson, Sturla Már Jónsson og Þorkell Guðmundsson. Þá má geta þess að fyrirtækinu var falið að smíða hin nýju, glæsilegu húsgögn sem nú prýða Alþingishúsið en hönnuður þeirra er Leó Jóhannsson sem lengst af hefur starfað í Svíþjóð. Nú eru starfandi sem arkitektar Á.G. húsgagna Guðrún Margrét Ólafsdóttir og Oddgeir Þórðarson.

### Góður liðsmaður í Samtökum iðnaðarins fyrr og síðar

Ásgeir lætur þess getið að fyrirtækið hafi enn sama nafnnúmer og síðar kennitölu frá upphafi. Hann gerðist snemma liðsmaður Landssambands iðnaðarmanna og Félags íslenskra iðnrekenda og hefur verið félagi í Samtökum iðnaðarins frá því að fyrrnefndu samtökin sameinuðust árið 1993 og segist hafa verið mikill hvatamaður þeirrar sameiningar á sínum tíma.

Þegar hús Á.G. húsgagna að Auðbrekku 10 var tekið í notkun á sínum tíma flutti vinur Ásgeirs, Benedikt Guðmundsson, honum eftirfarandi erindi sem lýsir Ásgeiri e.t.v. betur en mörg orð:

*„Ég heilsa þér Ásgeir á hamingjustund og heill sé þér, framtíðarmaður. Lífsstrauminn klýfur þín leikandi lund, þú leggur á vaðið og hikar ei stund og gæfan og gleðin þér fylgi.“*

*Þóra Kristín Jónsdóttir*

## Svana í Stika

Svana Helen Björnsdóttir, framkvæmdastjóri hugbúnaðarfyrirtækisins Stika ehf., hlaut nýlega alþjóðleg verðlaun fyrir góðan árangur í viðskiptum og stjórnun í tengslum við útflutning. Verðlaunin veitir International Trade Management (ITM) en að því standa útflutningsráð nokkurra Evrópuríkja ásamt Evrópusambandinu.

Útflutningsráð Íslands tilnefndi Svönu til verðlaunanna en Hermann Ottósson hjá Útflutningsráði segir að þetta sé í fyrsta sinn sem Íslendingur vinnur verðlaunin. Svana þótti hafa nýtt þekkingu sem hún hefur m.a. aflað sér á námskeiðum á vegum ITM á hagnýtan hátt fyrir útrás fyrirtækis síns og þykir þannig fyrirmynd annarra frumkvöðla.

Svana Helen stofnaði Stika ehf. fyrir 15 árum en fyrirtækið veitir hugbúnaðarlausnir og ráðgjöf og þróar lausnir á sviði upplýsingaöryggis. Stiki hefur beint sjónum sínum að markaðsstarfi erlendis undanfarin þrjú ár og hlaut vottun bresku staðlastofnunarinnar árið 2002. Öryggismál eru mikill þáttur í starfi Stika sem er eina hugbúnaðarfyrirtækið sem er bæði öryggis- og gæðavottað en það vinnur fyrir heilbrigðisstofnanir, stjórnvöld og bankana þar sem gæta verður fyllsta öryggis hvað varðar persónulegar upplýsingar.

## EVE Online hátíð í Laugardalshöll

Stjórnendur CCP hugleiða nú að taka upp eitthvert form lýðræðis í samfélaginu EVE Online en áskrifendur leiksins eru nú um 200 þúsund um heim allan. Flest stefnir í að þeir verði orðnir jafnmargir og Íslendingar eða um 300 þúsund í lok næsta árs. Í lok síðasta mánaðar stóð CCP fyrir stórhátíð fyrir áskrifendur leiksins í Laugardalshöll. Þar voru hugmyndir um þróun leiksins meðal annars til umræðu.

Gestirnir komu víða að en þetta var í fjórða sinn sem hátíðin er haldin en hátíðargestum hefur farið ört fjölgandi. Þeir komu víða og langt að, t.d. frá Ástralíu, Nýja - Sjálandi og Rússlandi. Meðalaldur þeirra er 27 ár



og karlar í miklum meirihluta. Á hátíðinni voru haldnir fjölmargir fyrirlestrar og málin rædd við hringborð auk þess sem gestirnir fengu tækifæri til að hitta hönnuði leiksins.



## Ráðstefna um opinber innkaup

### Framhald af forsíðu

opinber innkaup, stuðla að hagkvæmni í opinberum rekstri með virkri samkeppni og efla nýsköpun og þróun við innkaup hins opinbera á vörum, verkum og þjónustu. „Með auknum styrk íslenskra einka-fyrirtækja og aukinni áherslu þeirra á nýsköpun á undanförunum árum er ég sannfærður m að þau geti reynst ríkinu enn betri veitendur vöru, þjónustu og mannvirkja en hingað til.“



**Sveinn Þógrímsson, skrifstofu-stjóri iðnaðar-ráðuneytisins** flutti ávarp iðnaðarráðherra í fjarveru hans en þar kom m.a.

fram að hann hefði vanist því gegnum árin að íslensk framleiðslufyrirtæki og opinberir innkaupaaðilar hefðu ekki alltaf verið sammála um opinber innkaup. Sér hefði jafnvel fundist að það ætti bara að vera með þeim hætti. Því hefði það verið nokkuð óvenjulegt og ánægjulegt fyrir um tveimur árum að finna þann góða samhljóm sem orðinn væri um mikilvægi þess að til yrði sameiginleg stefna stjórnvalda og atvinnulífs um aðferðir við opinber innkaup sem fela í sér stuðning við rannsóknir, þróun og nýsköpun. „Fyrir hönd iðnaðarráðuneytisins fagna ég því innilega að með samstilltu átaki og fyrir tilstuðlan Evrópusambandsins virðumst við loks vera að ná landi í áralangri baráttu fyrir þessu máli.“

**Dr. Lena Tsipouri, prófessor við Háskólann í Aþenu,** fjallaði um nýsköpun, rannsóknir og þróun í opinberum innkaupum í Evrópu. Hún greindi m. a. frá aðferðum til að hvetja til nýsköp-



unar, rannsóknir og þróun í gegnum opinber innkaup. Mikilvægt væri að stjórnvöld sköpuðu þörf fyrir tækni sem krefðist nýsköpunar, rannsókna og þróunar. Markaðurinn sæi síðan um að mæta þeirri þörf. Þá fjallaði hún um þær reglur í tilskipunum frá Evrópusambandinu sem hægt er að beita til að ná fram nýsköpun, rannsóknum og þróun í gegnum opinber innkaup, t.d. samkeppnisviðræður og hönnunarsamkeppni. Loks fór hún yfir nokkur dæmi í öðrum Evrópulöndum þar sem þessari aðferðarfræði hefur verið beitt.



**Björn Jónsson, sviðsstjóri upplýsingatæknisviðs LSH,** Landspítala háskólasjúkrahúss, sagði í stuttu máli frá nýsköpun, rann-

sóknum og þróun í tengslum við nýtt háskólasjúkrahús en markmiðið er að sjúkrahúsið verði pappírslaut. Nú væri verið að hanna bygginguna og þarfa-greining fyrir starfseminu væri á fullri ferð en stefnan varðandi innkaup væri enn ómótuð.

Björn sagði að ný heilbrigðislög gæfu kost á auknu samstarfi Landspítala háskólasjúkrahúss og utankomandi fyrirtækja og það myndi virkja áfram góðar hugmyndir sem oft væri erfitt að koma á framfæri. Vísindamenn væru sjaldnast bestu businessmennirnir en Landspítalinn gæti tekið þátt í stofnun sprotafyrirtækja um góðar hugmyndir. Breytt fjármögnun gæfi kost á að sækja um fé í samkeppnissjóði, og styrki frá innlendum sem erlendum fyrirtækjum og samstarfi við þau. „Það þarf að breyta aðstöðu til að rannsóknir verði að ný-

sköpun það gerist ekki sjálfkrafa, og það þarf metnað til að hlúa að samstarfi Landspítalans og annarra fyrirtækja og þessi ný spítali ætti að geta orðið umgjörð um þetta.“



**Þórólfur Árnason, forstjóri Skýrr,** fjallaði um kosti útivistunar og sagðist m.a. telja að það besta, sem hið opinbera geti gert í að

efla nýsköpun og rannsóknir væri að út-vista upplýsingatækniverkefnum til einkaaðila og það sé hægt að færa mörg rök fyrir að það væri beggja hagar. „Miðað við stöðuna í dag er almennt viðurkennt að einkafyrirtækjum og stofnunum sé betra að einbeita sér að kjarna í sinni starfsemi og efla þjónustu við viðskiptamenn.“ Þórólfur sagði að ekki þætti lengur hæfa að grauta í hlutum sem menn ekki þekkja og með þessu fengist miklu betri sveigjanleiki í rekstri. Hann nefndi ýmis dæmi um útvistun upplýsingatækniverkefna sem hefðu tekist vel. Hann vakti einnig athygli á að innan opinbera geirans væru á fjórða hundrað stöðugildi í upplýsingatækni og það væri í raun fjölmennasta UT- fyrirtæki landsins. Lykillinn væri að auka samvinnu UT-fyrirtækja og hins opinbera.



**Björn Ólafsson, forstöðumaður þjónustudeildar Vegagerðarinnar** sagði frá ýmsum rannsókna- og

þróunarverkefnum sem þar er unnið að en þau skipta tugum eða hundruðum. Innan þróunarsviðs er rannsóknadeild sem nú ræður yfir vaxandi tekjum með nýjum vegalögum en þær nema 1,5% af





öllu fé sem varið er til vegamála. Þjónustudeildin tekur til alls rekstrar vegakerfisins og upplýsingaþjónustu og þar er að meðaltali unnið með 60 -70 verkefni sem snúa að alls konar þróunarvinnu. Mælitæki og myndavélar, sem mata kerfið sjálfvirkt, er að finna um allt land og þau skipta hundruðum. Allar upplýsingar um ástand vega og umferð safnast sjálfvirkt inn í gagnagrunn sem unnið er úr á marga vegu. Björn telur að Vegagerðin hafi verið sú fyrsta í Evrópu til að birta slíkar upplýsingar á korti á netinu. Kerfið hafi verið kynnt víða og nú sé kortið algeng útfærsla á meginlandi Evrópu.



**Bjarni Pálsson, verkefnastjóri hjá verkefna- og framkvæmdasviði Landsvirkjunar,** sagði að þar hefði verið framkvæmt

fyrir 10 -30 milljarða króna á ári undanfarin ár og Landsvirkjun væri einn af stærri úthýsingaraðilum hér á landi í þjónustu og framkvæmdum. Hann sagði m.a. frá djúpborun, tæknilegum áskorunum, innkaupum og samningum og rakti í stórum dráttum ferli flókinnna útboða fyrir verkefnið sem er mjög sérstakt þar sem bora þarf mjög djúpt niður í jörðina og mörgum spurningum er enn ósvarað þrátt fyrir margra ára rannsóknir á þessu sviði. Að sögn Bjarna er nú verið að mæta miklum tæknilegum áskorunum með þróunarvinnu. Óvissan er fyrst og fremst það sem glímt er við og verið er að fara út fyrir það svið sem er þekkt í þessum iðnaði. Kostnaðurinn við eina holu er 700 til 1000 milljónir króna en heildarkostnaðurinn nemur 3,5 - 4 milljörðum króna. Meginstefnan við innkaup væri að byggja eins mikið á þekktum lausnum og hægt væri en takmarka óvissuþætti, bjóða út stærri verkþætti á

EES svæðinu og gera beina samninga um minni og sérhæfðari verk. Að sögn Bjarna fór gríðarleg orka og fjármagn í að prófa tilboð í eina holu sem skilaði þó aðeins einu tilboði þótt það væri kynnt á EES svæðinu. Hann sagði nauðsynlegt að hafa mikinn sveigjanleika í innkaupakerfinu og hafa nógan tíma til að hnýta alla lausa enda.



**Kristinn Ingason, sviðsstjóri VGK á jarðvarmasviði**

rakti stuttlega sögu jarðvarmavirkjana hér á landi. VGK rekur starfsstöðvar á

9 stöðum á landinu og býr yfir 40 ára reynslu af hönnun jarðvarmavirkjana. Starfsmenn eru alls um 300 og þar af vinna 40 á jarðhitasviði. Kristinn fjallaði einkum um virkjanir á háhitasvæðum þar sem hitinn er 200°C eða meira en þar hefur hitinn bæði verið nýttur til raforkuframleiðslu, iðnaðarframleiðslu og til að framleiða heitt vatn fyrir hitaveitur. Fyrsta virkjunin af því tagi var tekin í notkun í Bjarnarflagi í Mývatnssveit árið 1969 en tvær þær nýjustu tóku til starfa á Reykjanesi og Hellisheiði á síðasta ári. Sú síðarnefnda er sú stærsta sinnar tegundar hér á landi. Frægast megi svo telja orkuverið í Svartsengi ekki síst fyrir aukaafurðina Bláa Lónið sem byrjaði sem umhverfisslys en reyndist svo vera mikill happafengur. Kristinn sagði að árangur af orkuöflun hefði batnað mikið bæði varðandi stofnkostnað og rekstur. Drifkrafturinn í þessari þróun væri að bæta árangur og auka hagkvæmni og öryggi. Umhverfismál væru nú mjög ofarlega á baugi og þau stýri þróun lausna að talsverðu leyti vegna breyttra viðhorfa. Kunnátta og þekking skiptu einni miklu máli og Íslendingar hefðu haslað sér völl á þessu sviði víða um heim.



**Sveinn Hannesson, framkvæmdastjóri SI,**

fjallaði m.a. um mikilvægi þess að fylgt væri Evrópu-reglum í opinberum innkaupum. Hann

sagði Samtök iðnaðarins vera mikla talsmenn þess að fylgja útboðsreglum og útboðsskyldu út í æsar. Tvennt mætti þó einkum bæta. Í fyrsta lagi væri alltof oft horft til lægsta verðs í stað þess að horfa til gæða við mat á tilboðum. Í öðru lagi hætti innkaupaaðilum við að skilgreina of mikið í smáatriðum hvað eigi að kaupa sem leiði til þess að útilokað sé að koma nýjungum á markað. Þá vakti Sveinn athygli á 10 leiðbeinandi reglum Evrópusambandsins um hvernig koma megi að nýsköpun, rannsóknnum og þróun í opinberum innkaupum. Loks lagði hann til að skipaðir yrðu vinnuhópar í forgangsverkefnum Samstarfsvettvangsins, þ.e. „**Háskólasjúkrahúsverkefnið,**“ „**Vegir framtíðarinnar – intelligent roads**“ og „**Orku- og umhverfismál**“, þar sem leitast væri við að skilgreina þann árangur, forsendur og áhersluverkefni sem vinna þarf að í framangreindum mála-flokkum.

Þóra Kristín Jónsdóttir og Sigurður B. Halldórsson tóku saman

# Viðurkenningar fyrir framúrskarandi vinnuverndarstarf



Vinnueftirlitið stóð fyrir rástefnu um vinnuverndarmál í tilefni af alþjóðlegri vinnuverndarviku í október. Við það tækifæri var fjórum fyrirtækjum veitt viðurkenning Vinnueftirlitsins fyrir framúrskarandi vinnuverndarstarf. Þetta eru Hjúkrunar- og dvalarheimilið Lundur á Hellu, Kjötafurðastöð Kaupfélags Skagfirðinga á Sauðárkróki, Jarðboranir hf. og Mjólkursamsalan.

## Í umsögn Vinnueftirlitsins segir meðal annars:

Á hjúkrunar- og dvalarheimilinu Lundi á Hellu vinna 34 starfsmenn. Þar er skýr starfsmannastefna sem tekur mið af vinnuverndarsjónarmiðum og þeim fylgt eftir með aðgerðum. Lögð er áhersla á fræðslu og endurmenntun starfsmanna þannig að þeir eigi auðveldara með að takast á við erfiðar aðstæður sem geta skapast í vinnunni. Heimilið er vel búið léttitækjum til að draga úr líkamlegu álagi við vinnuna og allir starfsmenn nýta þau. Nýir starfsmenn fá þjálfun í líkams-

beitingu og starfsmenn sækja slík nám-skeið reglulega. Áhersla er lögð á almenna heilsuefningu starfsmanna m.a. með árlegri heilsuefningarviku og aðgangi að líkamsræktarsal. Starfsmenn eru hafðir með í ráðum við skipulagningu og breytingar sem fyrirhugaðar eru bæði í starfsemi og stækkun heimilisins.

## Hjá Jarðborunum starfa um 220 manns

Fyrirtækið er með höfuðstöðvar í Kópavogi en rekur fimm stóra bora vítt og breitt um landið. Jarðboranir hafa skýra stefnu í vinnuverndarmálum og markmiðið er að engin slys eða heilsutjón verði hjá fyrirtækinu. Áhættumati fyrir borana er að ljúka og er nú hluti af öryggis- og heilbrigðisáætlun fyrir hvern bor. Allir starfsmenn á borum komu að gerð áhættumatsins með aðstoð þjónustuaðila og eru úrbætur nú hafnar. Mjög öflug nýliðafræðsla fer fram hjá Jarðborunum. Haldin er ítarleg slysaskrá og vel er fylgst með atvikum, sem hefðu getað orðið að slysum og þau skráð. Allir starfsmenn gera sér grein fyrir mikilvægi persónuhlífa og nota þær undanbragðalaust.

## Hjá Kjötafurðastöð KS á Sauðárkróki eru fastráðnir starfsmenn um 25

en í tvo mánuði á haustin eru ráðnir um 130 manns. Vinnuvernd er höfð að leiðarljósi við skipulag á daglegum störfum í afurðastöðinni. Fyrirtækið hefur gert áhættumat á störfum í kjötvinnslu og gert margar og góðar úrbætur í kjölfarið. Áhættumatið var unnið af öryggisnefndinni undir stjórn gæðastjóra fyrirtækisins en með starfsfólki og stjórnendum á hverju svæði fyrir sig. Í kjölfar áhættumats voru gerðar úrbætur á áhættuþáttum. Þær helstu beindust einkum að því að draga úr álagi vegna óheppilegar líkamsbeitingar.

## Hjá Mjólkursamsölnni starfa um 450 manns

Aðalskrifstofur félagsins eru í Reykjavík en alls rekur félagið sjö starfsstöðvar um land allt. Stefnumótun fyrirtækisins í vinnuverndarmálum og aðgerðir ná til allra starfsstöðva. Undanfarið ár hefur

fyrirtækið unnið að gerð áhættumats í virku samstarfi við öryggisnefndir með aðstoð ráðgjafa. Alls eru nú um 15 starfshópar sem taka þátt í þessari vinnu. Skýr áætlun liggur fyrir um áframhald vinnu við gerð áhættumats og fræðslu því tengt. Lögð er áhersla á að vinna úrbætur í nánú samráði við starfsmenn en einnig með aðkomu sérfræðinga eftir þörfum.

Þrjú þessara fyrirtækja eru félagsmenn Samtaka iðnaðarins og voru þau spurð hvaða þýðingu viðurkenning eins og þessi hefði fyrir fyrirtækin.

Ágúst Andrésón, framkvæmdastjóri Kjötafurðastöðvar K.S., telur þessa viðurkenningu mjög jákvæða. „Verkefnið er afrakstur hópavinnu sem starfsmenn hafa unnið undir umsjón gæðastjóra. Hópurinn hefur svo fengið stuðning frá fyrirtækinu til að hringa í framkvæmd úrbótum sem miða að bættu starfsumhverfi. Þessi viðurkenning er fyrst og fremst viðurkenning á vel unnum verkum starfsfólksins sem við erum mjög stolt af“ segir Andrés.

Guðbrandur Sigurðsson, forstjóri Mjólkursamsölnnar segir alltaf gaman að fá viðurkenningu á því sem vel er gert. Vinnuvernd er mikilvægt forvarnarstarf sem skilar sér í færri slysum og álagssjúkdómum. Hann segir: „Ég þakka öllu því starfsfólki, sem hefur tekið virkan þátt í að móta starfsemi félagsins á þessu sviði, og lít þannig á að viðurkenning þessi sé fyrst og fremst viðurkenning til handa því fólki sem hefur unnið að þessum málum hjá félaginu. Þetta er okkur hvatning til að gera en betur.“

Bent S. Einarsson, forstjóri Jarðborana svaraði:

„Okkur þykir vænt um þessa viðurkenningu sem er okkur hvatning til að gera enn betur. Jarðboranir hafa á að skipa öflugu liði starfsmanna sem vinna vandasöm verkefni við krefjandi aðstæður. Það liggur því í augum uppi að vinnuvernd og vinnuhollusta eru lykilþáttur í árangri fyrirtækisins.“

Ragnheiður Héðinsdóttir



## Samtök iðnaðarins um menntun og mannauð

Mannauð þarf að ávaxta svo störf verði dýrmætari



SI

Samtök iðnaðarins



# Er ráðning gæðastjóra rétta lausnin?

Í auglýsingadálkum dagblaðanna má æ oftast sjá auglýst eftir gæðastjórum til starfa. Svo er að skilja að framkvæmdastjórar ráði gæðastjóra á mjög ólíkum forsendum. Dæmi eru um að gæðastjórum sé einungis ætlað að hafa eftirlit með framleiðslu, mæla og staðfesta að rafmagnsdósir séu á réttum stað, málningin sé af réttum lit, varan í lagi við afhendingu og taka við kvörtunum sem berast og bregðast við þeim svo að dæmi séu tekin. Í slíkum tilvikum er um einhvern misskilning að ræða því að gæðastjórnun snýst ekki um vörugæði. Gæðastjórnun snýst um góða stjórnun og góð stjórnun leiðir til að gæði vörunnar verða rétt. Aðrir framkvæmdastjórar ætla gæðastjóranum að sjá alfarið og á eigin vegum um uppbyggingu og innleiðingu gæðakerfisins og vilja hafa sem minnst afskipti af því sjálfir. Þegar þannig er háttað er þess engin von að hlutirnir gangi upp. Áður en langt um líður hafa starfsmenn og meðstjórnendur málað gæðastjórnun út í horn og gæðastjórnunarkerfi talinn hinn versti kostur.

## Hvað segir í ISO staðlinum?

Í grein 5.5.2 í staðlinum ISO 9001:2000 er hlutverk gæðastjóra skilgreint mjög skilmerkilega en þar stendur:

Æðstu stjórnendur skulu tilnefna einn úr hópi stjórnenda sem, óháð annarri ábyrgð, skal bera ábyrgð á og hafa vald til:

- a) að tryggja að ferlum, sem nauðsynleg eru fyrir gæðastjórnunarkerfið, sé komið upp, þau innleidd og þeim viðhaldið;
- b) að skila æðstu stjórnendum skýrslu um frammistöðu gæðastjórnunarkerfisins og hvers kyns nauðsyn á umbótum;
- c) að tryggja eflingu vitundar um kröfur viðskiptavina um allt fyrirtækið.

Samkvæmt þessari skilgreiningu framvísar framkvæmdastjóri hluta af valdi sínu til gæðastjórans, þ.e.a.s. ef framkvæmdastjóri ákveður að gegna ekki hlutverkinu sjálfur. Þó er ekki meiningin að gæðastjórninn taki ákvarðanir án samráðs við framkvæmdastjórnann um verkefni og annað sem varðar beina stjórnun því að þá eru tveir farnir að stjórna sama fyrirtækinu. Hlutverk gæðastjóra er að afla upplýsinga, gera tillögur og eiga gott samstarf við starfsmenn og hann þarf að hafa vald til að tryggja að ákvarðanir framkvæmdastjórans gangi eftir. Þó að fleiri stjórnendur og almennir starfsmenn



(gæðaráð) komi að ákvörðunum um uppbyggingu og eftirfylgni gæðakerfisins verða ákvarðanir aldrei teknar gegn vilja framkvæmdastjórans enda ber hann einn ábyrgð gagnvart eigendum.

## Hvað á við hjá þér?

Áður en framkvæmdastjórar í litlum og meðalstórum fyrirtækjum ráða gæðastjóra ættu þeir að íhuga hvort hlutverki gæðastjóra sé ekki betur komið í eigin höndum. Ekki er þar með sagt að þeir þurfi að vinna alla vinnuna sjálfir. Þeir úthluta verkefnum til þeirra sem best til þekkja á hverju sviði, láta viðkomandi gera uppkast að verklagsreglum, vinnuleiðbeiningum og eyðublöðum. Starfsmenn, sem eru góðir í íslensku og vélritun, eru fengnir til að vinna úr gögnum, flokka og tengja inn í gæðakerfið. Framkvæmdastjóri boðar til funda með þeim, sem hafa hlutverki að gegna, fer yfir málin og úthlutar nýjum verkefnum.

## Gæðastjórnunarkerfi er lífæð fyrirtækisins

Kerfið flytur boð frá viðskiptavinum og stjórnendum til almennra starfsmanna,

tryggir gagnaöflun, eftirfylgni og umbætur. Þess vegna ætti framkvæmdastjóri að íhuga vandlega hvort skynsamlegt sé að fela öðrum á hendur svo öflugt en viðkvæmt verkfæri. Ef samstarf framkvæmdastjóra og gæðastjóra er ekki eins og best verður á kosið er hætt við að starfsmenn fyllist vantrú á kerfinu. Ef framkvæmdastjórnin stýrir vinnunni sjálfur aukast líkur á að gæðastjórnunarkerfið verða samofið rekstrinum og gagnsemi þess komi í ljós frá fyrsta degi. Starfsmenn verði strax jákvæðir, finna stuðninginn og öryggið sem það skapar og verða öruggari í starfi.

Oft er árangursríkara að toga sjálfur í spottana en ætla öðrum að gera það fyrir sig.

Ferdinand Hansen



Boðað er til opins kynningarfundar í Húsi atvinnulífsins um nýjan möguleika á fjármögnun verkefna sprotafyrirtækja sem stunda sjálf rannsóknir og þróun

**Þriðjudaginn 27. nóvember**  
**kl. 8:30 - 10:00**

Fundurinn er ætlaður væntanlegum umsækjendum en umsóknarfrestur er til 2. febrúar 2008

## Dagskrá

- **Sveinn Þorgrímsson, formaður stjórnar Tækniþróunarsjóðs, gerir grein fyrir aðkomu Tækniþróunarsjóðs að EUROSTARS**
- **Snæbjörn Kristjánsson, landsfulltrúi í stjórn Eurostars, fjallar um umsóknar- og matsferlið.**

Fundarstjóri er Davíð Lúðvíksson, forstöðumaður hjá Samtökum iðnaðarins.

Á fundinum verður morgunverður í boði.

Tækniþróunarsjóður heyrir undir iðnaðarráðherra. Sjóðurinn fjármagnar nýsköpunarverkefni í samræmi við megin stefnu Vísinda- og tækniráðs.

# Uppskriftin að farsælli nýsköpun!

**S**I og SA hafa, ásamt samtökum atvinnulífsins á Norðurlöndum, tekið saman og gefið út rit sem inniheldur dæmisögur um vel heppnaða nýsköpun í fyrirtækjum á Norðurlöndum. Í ritinu eru tekin fyrir 2-3 dæmi frá hverju landanna – samtals 11 dæmisögur.

Grunnurinn að velgengni þeirra er fólgin í kraftmiklu nýsköpunarstarfi sem hefur gert þeim kleift að fullnægja kröfum kröfuharðra viðskiptavina út um allan heim. Fyrirtækin eru ólík og sérhæfa sig á ýmsum sviðum og bakgrunnur þeirra er einnig mismunandi.

Dæmin, sem tekin eru fyrir frá Íslandi, eru fyrirtækin Marel sem nú er leiðandi í heiminum á sínu sviði með starfsemi í 15 löndum og tvö þúsund starfsmenn og Kaupþing/Bakkavör sem er skemmtilega samofið uppbyggingarferli en þessi fyrirtæki hafa vaxið með ótrúlegum hætti á síðustu árum.

Frá Noregi er sagt frá uppbyggingu tveggja tæknifyrirtækja, EMGS sem kynnti til sögunnar nýja byltingarkennda tækni til að leita að olíu og gasi með notkun rafsegulbylgja og REC sem stofnað var 1994 um framleiðslu á sólarrafhlöðum og hefur á áratug vaxið úr engu í það að velta einum milljarði evra.

Frá Svíþjóð er sagt frá uppbyggingu fyrirtækjanna Axis Communications, upplýsingatæknifyrirtæki sem stofnað var árið 1984 en setti strax stefnuna á heimsmarkað og er nú öflugt á sviði mynd- og prentlausna. Ortic hefur þróað aðferðir og tækni til byggja hús úr stáli með algjörlega nýjum hætti og Radi Medical Systems, sem stofnað var árið 1988, er nú með starfsemi í yfir 40 löndum og framleiðir búnað til að nota í heilbrigðisþjónustu, m.a. mæla sem mæla þrýsting í kransæðunum.

Frá Danmörku koma dæmisögur frá fyrirtækinu DEIF sem hefur haslað sér völl á heimsmarkaði sem framleiðandi hátækni búnaðar en hann er m.a. nýttur til að framleiða vistvæna orku og Danfoss sem er vel þekkt alþjóðlegt stórfyrirtæki og leiðandi t.d. á sviði hitastýringar og kælibúnaðar.

Frá Finnlandi er sagt frá uppbyggingu fyrirtækjanna KONE en það er rótgróð fjölskyldufyrirtæki sem framleiðir lyftur og er leiðandi fyrirtæki á heimsvísu á



sínu sviði og Thermowood sem var stofnað árið 2000 en með nýjum aðferðum tókst finnskum viðurframléiðendum að fúaverja við með gufu og vatni í stað mengandi efna.

## Uppskriftin?

Í lok hverrar dæmisögu er dreginn saman lærdómur sem stjórnendur og frumkvöðlar fyrirtækjanna telja vera lykilsendur fyrir velgengi fyrirtækja sinna á sviði nýsköpunar. Þessa þætti má taka saman í eftirfarandi 9 meginsvið:

1. Virk frumkvöðulshugsun sem hvetur til nýsköpunar.
2. Skýr framtíðarsýn og stefnumarkandi forgangsröðun nýsköpunarverkefna hjá stjórnendum.
3. Skipulag og menning sem hvetur til skapandi hugsunar og virkrar þátttöku starfsmanna.
4. Náð samstarf við viðskiptavina en það nýtir þau tækifæri sem felast í þörfum þeirra og innsæi.
5. Vel skipulagðir þróunar- og gæðafærar, aðstaða og aðferðir til virðissköpunar.
6. Alþjóðleg nálgun þar sem horft er til samþjöppunar á heimsmarkaði.
7. Virk fjárfesting í rannsókn- og þróunarstarfi, tækniyfifærslu, einkaleyfum, hönnun, vöruþróun og stöðlun.
8. Samstarf við háskóla, rannsóknastofnanir, önnur fyrirtæki og samstarfsaðila á sviði fjármögnunar.
9. Frjálst og hvetjandi starfsumhverfi með vel skilgreindu fjárhagslegu og opinberu stoðkerfi.

Davíð Lúðvíksson



## Spurt og svarað um REACH

### Hvernig verður komið við einni skráningu fyrir hvert efni?

Í REACH er gert ráð fyrir að aðilar, sem framleiða eða flytja inn sama efni, myndi hóp, Substance Information Exchange Forum (SIEF) og skili saman inn hluta af upplýsingunum sem krafist er. Skilyrði er að allir aðilar hafi sent inn forskráningu fyrir nóvemberlok 2008. Þannig má deila kostnaði við skráningarvinnu og nýta allar fyrirbyggjandi upplýsingar sameiginlega. Einn aðili kemur fram fyrir hönd hópsins og skilar inn hluta af upplýsingum fyrir allan hópinn en samt sem áður þarf hver um sig að skila inn tilteknum upplýsingum. Hópurinn getur einnig unnið sameiginlega að öryggismati ef vilji er til þess. Unnt er að standa utan við hópinn ef tiltekin skilyrði eru uppfyllt.

### Má nota efni hvernig sem er, þegar það hefur verið skráð, metið og leyft?

Nei, efni eru skráð, metin og leyfð til sérstakra nota. Uppfæra á skráningu ef óskað er eftir að nota efni með öðrum hætti en upphaflega var gerð grein fyrir.

### Hafa framleiðendur og innflytjendur sömu skyldur gagnvart REACH?

Já, framleiðendur og innflytjendur gegna sömu skyldum gagnvart REACH. Framleiðandi er sá sem framleiðir hrein efni en innflytjandi er sá sem flytur inn efni eða efnablöndur frá löndum utan EES. Þeir skulu skrá öll efni sem þeir framleiða eða flytja inn í magni yfir 1 tonn/ár. Þeir skulu einnig gera öryggismat efna í magni yfir 10 tonn/ár og leggja fram frekari gögn ef yfirvöld óska þess eftir að hafa metið gögnin. Þeim ber einnig að sjá um hættuflokkun- og merkingu efna, og útbúa öryggisblöð sem skulu fylgja öllum hættuflokkunum efnunum og efnablöndum. Upplýsingar um öryggismat um áhrif efna við notkun og leiðbeiningar um varúðaráðstafanir skulu fylgja öryggisblöðum fyrir efni í magni yfir 10 tonn/ár. Framleiðandi eða innflytjandi getur sótt um leyfi til notkunar efna sem þess þurfa.

Bryndís Skúladóttir



# Virkjun ehf. lýkur mikilvægum áfanga vottunarkerfis SI

**B**yggingafyrirtækið Virkjun ehf. lauk nýlega fyrsta áfanga í fjögurra þrepa vottunarferli Samtaka iðnaðarins. Af því tilefni gerði blaðamaður Íslensks iðnaðar sér ferð í höfuðstöðvar Virkjunar ehf. og ræddi við Rúnar Haraldsson, framkv.stj. viðskiptasviðs fyrirtækisins.

Virkjun ehf. sérhæfir sig nú í að byggja stálgrindahús af ýmsum stærðum og gerðum en var upphaflega stofnað árið 1994 sem pípulagningafyrirtæki. Rúnar segir að fyrir 5 til 6 árum hafi fyrirtækið byrjað á aðalverktöku en rekur enn stóra pípulagnadeild með 20 starfsmenn en Virkjun hefur alls 50 – 100 starfsmenn á sínum snærum en fjöldi þeirra ræðst nokkuð af verkefnastöðunni á hverjum tíma. Um þessar mundir er fyrirtækið með um 30 þúsund fermetra á ýmsum byggingarstigum. Rúnar segir að mörg fyrirtæki reki starfsemi sína á tveimur til þremur stöðum en það þyki mjög óhagkvæmt og æ fleiri fyrirtæki reyni nú að koma starfsemi sinni undir eitt þak og endurskipuleggja starfsemina. Hann segir töluverða eftirspurn eftir stálgrindahúsum á markaðnum enda séu þau, þrátt fyrir hæstu gæði, ódýrari og byggingartími þeirra styttri en annarra húsa.

## Hvað réð því að þið hélduð af stað í vottunarferlið?

„Undanfarið hefur mikið verið rætt um gæðastarf og það snýst einkum um skipulag, nýta það verklag sem fyrir er, bæta og gera sýnilegt með skráningu og festa það þannig í sessi til að geta nálgast upplýsingar í gagnabanka.“

## Hvað tók byrjunarferlið langan tíma?

„Frá stofnun fyrirtækisins höfum við sinnt gæðamálum en þó ekki kerfisbundið en það tók tvo til þrjá mánuði að púsla saman gögnum sem voru í fórum okkar en verkefninu er í raun aldrei lokið.“

## Var þetta erfitt verkefni?

„Það er ekki hægt að segja að þetta hafi verið erfitt enda nutum við mjög góðrar aðstoðar sérfræðings Samtaka iðnaðarins sem greiddi götu okkar fljótt og vel. Svona ferlar snúast um að einfalda hlutina og gera þá skilvirkari en við höfðum ekki tilfinningu fyrir að þetta væri flókið ferli.“



## Hvaða árangri telurðu að ferlið muni skila ykkur?

„Þetta mun m.a. stuðla að því að forðast tvíverknað, auðvelda aðgengi og stytta boðleiðir. Bætt skipulag ætti að skila sér í betri rekstri en það á væntanlega eftir að koma betur í ljós þegar frá líður. Við eigum mikið af upplýsingum sem hafa ekki alltaf nýst sem skyldi en með því að koma þeim í aðgengilegt kerfi verður það okkur dýrmætt hjálpartæki.“

## Hvaða þýðingu hefur þetta fyrir stjórnendur?

„Vottunarkerfið kemur stjórnendum að miklu gagni því að það er hjálpartæki við reksturinn. Sá sem stendur í brúnni fær betri heildaryfirsýn yfir starfsemina ef svo mætti segja. Allir sem koma að rekstri vinna eftir sömu leiðum og verða samstiga.“

## Skiptir vottunin máli fyrir viðskiptavininn?

„Hún hefur talsverða þýðingu því að nú er aukin krafa að sýna fram á gæðavottun og í sumum útboðum er gæðavottun lágmarkskrafa og slíkur gæðastimpill auðveldar okkur því að fá verkefni.“

## Hvað með aðgengi að sérfræðingum í vottunarferlinu?

„Það er mjög nauðsynlegt að geta leitað aðstoðar sérfræðinga ef þörf krefur en þeir þurfa þó ekki að vera hér á staðnum til þess. Okkur finnst afar gott að geta leitað þeirrar aðstoðar á miðlægum stað eins og hjá Samtökum iðnaðarins?“

## Hver verða næstu skref í vottunarferlinu?

„Við höfum í hyggju að halda áfram á sömu braut meðan við teljum að þetta komi okkur að gagni. Þegar við sjáum hver árangurinn verður með hverju skrefi metum við það og tökum ákvörðun um næsta skref. Þessi vinna er að því leyti gagnlega að öll gögn finna sér réttan stað og það er líka hollt að fara yfir þau, rifja upp og lagfæra það sem betur má fara.“

Þóra Kristín Jónsdóttir

Vilt þú  
**auka framleiðni**  
og bæta afkomu  
fyrirtækisins?



**Áfangaskipt gæðavottun SI**

**SI**

Samtök iðnaðarins

# Setjum kraft í umhverfisstarfið

**Auglýst er eftir fyrirtækjum til að taka þátt í norrænu samstarfsverkefni um umhverfisstjórnun. Við leitum að áhugasömum fyrirtækjum sem vilja nýta þetta tækifæri og innleiða einfalt og árangursríkt umhverfisstjórnunarkerfi, EMS-light Nordic. Fyrirtækin fá í hendurnar einfalt umhverfisstjórnunarkerfi sem er þróað með þarfir lítilla og meðalstóra framleiðslu- og þjónustufyrirtækja í huga. Þátttakendur fá aðstoð ráðgjafa við að setja upp kerfið sem byggist upp á töflum til að skrá neyslu, úrgang og útstreymi. Í boði eru skýrsluform og leiðbeiningar sem stuðla að skilvirkum lausnum og gagnast við markmiðssetningu og aðgerðaáætlun. Þetta er gott tækifæri fyrir fyrirtæki sem vilja setja kraft í umhverfisstarfið.**



**Friðleifur Kristjánsson, gæða- og þróunarstjóri Smellins hf.**

„Fyrirtækinu Smellinn var boðin þátttaka í þessu verkefni sem við og þágum. Við erum þessa stundina að vinna að ISO 9001-2000 vottun sem við gerum ráð að við fá fyrir lok þessa árs. Í framhaldinu er stefnt að ISO 14001 umhverfisstjórnun. Við teljum þátttöku okkar í þessu verkefni vera mjög góða byrjun á þeirri vinnu. EMS-light Nordic er mjög vel uppsett tæki til að skrá í grænu bókhaldi. Það er auðvelt í notkun og heldur vel utan um þau gögn og upplýsingar sem við munum skrá.“



**Hannes Örn Ólafsson, þjónustustjóri Gámaþjónustunnar hf.**

„Gámaþjónustan hf er þjónustufyrirtæki í umhverfismálum sem hefur mikla reynslu af því að aðstoða einstaklinga, fyrirtæki og stofnanir í lausnum með frákast. Það að taka þátt í norrænu verkefni í umhverfismálum hjálpar okkur að halda utan um alla olíunotkun og einnig notkun á ýmsum efnum t.d. hreinsiefni sem eru notuð til að þrifa öll okkar ílát. Öll þau verkfæri, sem við vinnum með í sambandi við þetta verkefni, eru mjög aðgengileg og mjög skýr. Ég tel að þeir, sem koma sér upp svona kerfi og eða taka þátt í svona verkefni, eigi mjög auðvelt með að halda utan um sín umhverfismál og alla þá notkun á skaðlegum efnem sem notuð eru í starfsemi viðkomandi.“



**Ingólfur Garðarsson, framleiðslustjóri Ömmubaksturs**

„Þegar við hjá Ömmubakstri fengum tækifæri til að taka þátt í verkefninu sáum við að þetta gæti gagnast okkur í að halda utan um okkar umhverfismál, ásamt öðru sem við kemur starfsemi okkar. Það sem við viljum ná fram með EMS er að reyna lágmarka allt sem viðkemur þessum resktri okkar. Þar á ég við til dæmis flokkun á úrgangi, halda utan um rafmagn, heitt vatn, pappír og margt fleira. Það er gott að geta skráð allar upplýsingar á sinn stað í EMS-light Nordic kerfinu og haldið utan um þær þar og það auðveldar allt aðgengi. Auðvitað er þetta allt einhver vinna en samt nokkuð einfalt og ég er þegar byrjaður skrá ýmsar upplýsingar.“




## Gerum gott úr þessu

**Nýtt endurvinnslumerki prentmiðla á Íslandi**

Hvetjum fyrirtæki og stofnanir til að merkja prentað efni s.s. blöð, tímarit, fréttabréf, bæklinga og markpóst með nýja merkinu.

Notkun þess er frjálst og því er dreift án endurgjalds í hágæða upplausn á [www.si.is](http://www.si.is)



Samtök iðnaðarins  
Samtök verslunar og þjónustu



Fréttablað Samtaka iðnaðarins  
11. töl. 13. árg. nóvember 2007  
ISSN 1022-7741

För í prentsmiðju: 19.11.2007  
Prentvinnsla: Prenttækni ehf.  
Plastpökkun: Iðjuberg  
Ljósmyndir: Odd Stefán, Jóhannes Long, RAX bls. 2

Útgefandi: Samtök iðnaðarins  
Borgartúni 35, 105 Reykjavík  
Sími: 591 0100, fax: 591 0101  
Kennitala: 511093-2019  
[www.si.is](http://www.si.is), netfang: [ritstjorn@si.is](mailto:ritstjorn@si.is)  
Ábyrgðarmaður: Sveinn Hannesson  
Ritstjóri: Haraldur D. Nelson  
Efnisstjórn og umbrot: Þóra Ólafsdóttir  
Málfarsráðgjöf: Þóra Kristín Jónsdóttir

Fjölmiðlum er frjálst að nota ritað efni úr Íslenskum iðnaði í heild sinni eða að hluta. Fjölmiðlamenn eru vinsamlegast beðnir að geta heimildar í slíkum tilvikum.